

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 100/2007 (kostnaður við greiðslur).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Við 2. mgr. 53. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tryggingastofnun skal greiða allan kostnað sem hlýst af framkvæmd greiðslna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 149., 150. og 151. löggjafarþingi (91. mál). Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Sífelld algengara er að lífeyrisþegar flytjist til útlanda. Í þeim tilvikum fá þeir gjarnan greiðslur frá Tryggingastofnun inn á erlenda bankareikninga. Slíkum fjármunafærslum milli landa fylgir talsvert meiri kostnaður en hefðbundnum millifærslum innan lands. Lífeyrisþegar sem búsettir eru erlendis og bera þann kostnað sem greiðslunum fylgir verða því fyrir skerðingu á réttindum á grundvelli búsetu sinnar. Með frumvarpinu er lagt til að Tryggingastofnun greiði þann kostnað sem hlýst vegna greiðslna opinberra réttinda svo að girt sé fyrir mismunun á grundvelli búsetu að þessu leyti. Þar að auki er Tryggingastofnun, sem stærri viðskiptavinur, í betri aðstöðu til þess að semja við viðskiptabanka um lægri kostnað á slíkum millifærslum.